

## AUGLÝSING

### um gildistöku nokkurra ákvæða laga nr. 53/2004 vegna aðildar Íslands að evrópska einkaleyfasamningnum.

Á grundvelli 12. gr. laga nr. 53 1. júní 2004 um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum (evrópski einkaleyfasamningurinn o. fl.), og með sérstakri hliðsjón af aðild Íslands að evrópska einkaleyfasamningnum o.fl. 1. nóvember 2004 er hér með tilkynnt að ákvæði a-m-liðar og o-r-liðar 9. gr. og 10. gr. laganna öðlast gildi sama dag, 1. nóvember 2004.

*Iðnaðarráðuneytinu, 7. október 2004.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

---

*Kristján Skarphéðinsson.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs, er taki gildi 1. nóvember nk.

Gjaldskrá Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs, nr. 254, 24. mars 2003:

3. gr. breytist og orðist svo:

Lágmarksrennsli fyrir hvern notendahóp:

Einbýlishús                      3 l/mín.

Sumarhús                        2,5 l/mín.

Iðnaðarhúsnæði                2,5 l/mín.

Lögbýli                          4 l/mín. en hafa kauprétt á allt að 15 l/mín.

4. gr. breytist og orðist svo:

Hver lítri á mínútu kostar kr. 17.880 á ári, án fastagjalds og virðisaukaskatts.

Notendur sem kaupa 4 l/mín., eða minna greiða einnig fastagjald kr. 8.028 á ári, auk virðisaukaskatts.

5. gr. breytist og orðist svo:

Fyrirtæki sem samið hafa um kaup á heitu vatni samkvæmt rennslismæli greiða kr. 58,07 fyrir rúmmetra vatns auk virðisaukaskatts, en greiða þó að lágmarki samkvæmt samningi um fastan lítrafjölda.

*Iðnaðarráðuneytinu, 5. október 2004.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

---

*Kristján Skarphéðinsson.*